



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

ÓLYMPIULEIKAR FATLAÐRA

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú sækja lokadaga Ólympíuleika fatlaðra sem haldnir eru í London. Fyrir hádegi í dag, föstudaginn 7. september, fylgjast þau með keppni í frjálsum íþróttum þar sem Helgi Sveinsson er meðal keppenda. Forseti mun einnig afhenda verðlaun og eftir hádegið heimsækja forsetahjónin Ólympíuþorpið og hitta íslensku keppendurna, þjálfara og forystumenn Íþróttasambands fatlaðra. Þá verður forseti viðstaddur lokahátíð leikanna á sunnudag.

7. september 2012

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).